

**REGLUGERÐ****um áfengisvarnarnefndir.****116**

17. okt.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, eru hér sett ákvæði um verksvið og skyldur áfengisvarnarnefnda.

**1. gr.**

Áfengisvarnarnefndir skulu skipaðar 9 mönnum í Reykjavík, 7 í öðrum kaupstöðum og 3 í hreppum. Dómsmálaráðherra skipar formann nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndirnar kosnar af hlutaðeigandi bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum, með hlutfallskosningu. Kjörtímabil nefndanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Kjörgengir í nefndirnar eru jafnt konur sem karlar, en sökum starfsviðs þeirra er nauðsynlegt að konur taki þátt í störfum þeirra — að minnsta kosti 7 og 9 manna nefndum.

**2. gr.**

Áfengisvarnarnefnd hver skal kosta kapps um að koma í veg fyrir misnotkun áfengis og efla bindindissemi meðal almennings í hverjum þeim kaupstað eða hreppi, er hún starfar í, með því:

- a. að styðja bindindisstarfsemi, þar sem hún er fyrir og stuðla að því að slík starfsemi sé hafin, þar sem hún er ekki til.
- b. að styðja fræðslu og upplýsingu meðal almennings sérstaklega um bindindis- og áfengismál.
- c. að láta sér hugarhaldið um og hafa eftirlit með, að hin lögboðna bindindisfræðsla í skólum sé framkvæmd á viðunandi hátt, svo að hún komi að því gagni, sem til er ætlazt — skal hún í því efni leitast við að hafa sem bezta samvinnu við skólastjóra, kennara, skóla- og fræðslunefndir eftir því sem til hagar á hverjum stað.
- d. að vera yfirvöldum og löggæzlumönnum til aðstoðar í að haldið sé uppi hlýðni við áfengislögin, og reyna af fremsta megni að sporna við allri ólöglegri framleiðslu, innflutningi, sölu og annari ólöglegri meðferð áfengis.

**3. gr.**

Nefndirnar skulu njóta aðstoðar yfirvalda og annara opinberra starfsmanna (svo sem lögreglustjóra, löggæzlumanna, embættislækna og presta) í starfi sínu, eftir því sem á stendur og þörf krefur, enda skal þeim skylt að gefa viðkomandi yfirvöldum, svo og bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum, allar þær bendingar til áfengisvarna — og leggja fyrir tillögur í sama skyni —, er þær telja þörf á,

- 116** ennfremur að láta í té allar þær upplýsingar, varðandi ástandið í áfengismálum, sem auðið er og viðkomandi stjórnarvöld æskja.

## 4. gr.

Séu í kaupstað eða hreppi menn (einn eða fleiri), sem annaðhvort gerast vandræðamenn að einhverju leyti eða ósjálfbjarga sökum drykkfelldni, ber áfengisvarnarnefnd að gera sitt ýtrasta til að útvega þeim hæli og hjúkrun, þar sem þeir geta vanizt af áfengisnautn. Skal áfengisvarnarnefnd, fátækrastrjórn og lögregla á staðnum vinna saman í slíkum tilfellum, eftir því sem á stendur og þörf krefur.

## 5. gr.

Áfengisvarnarnefnd er skylt að gera það sem í hennar valdi stendur til þess að bjarga heimilum drykkjumanna og vernda fjölskyldur þeirra. Áliti nefndin sjálf — eða berist henni upplýsingar um — að einhver í kaupstað eða hreppi, þar sem hún starfar, neyti áfengis sér sjálfum, fjölskyldu sinni eða nánustu ættingjum til skaða, skal hún tafarlaust rannsaka það og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úr verði hætt á einhvern viðunandi hátt (sbr. 4. gr.).

## 6. gr.

Sérstakan rétt til að leita aðstoðar áfengisvarnarnefndar samkvæmt ofan-skráðu hafa:

- a. Viðkomandi sjálfur.
- b. Eiginkona (eða eiginmaður) og aðrir nákomnir ættingjar (svo sem foreldrar, börn, systkini, tengdforeldrar o. s. frv.).
- c. Læknar og prestar eftir tilmælum viðkomandi sjálfs, ættingja hans eða tengdafólks (sbr. ofanritað). Þó geta þessir embættismenn ótilkvaddir af öðrum snúið sér til áfengisvarnarnefndar, þegar þeir álita einstaklingum eða heimilum hættu búna vegna áfengisnautnar.
- d. Ómyndugra-stjórnir, fátækrastrjórnir og framfærslunefndir.
- e. Lögregla og löggæzlumenn.

## 7. gr.

Liggi fyrir kvörtun eða tilkynning um skaðlega áfengisneyzlu eða á einhvern hátt hættulega óreglu, skulu einn eða fleiri úr nefndinni, eflir því, sem hún sjálf ákveður, rannsaka ástandið hjá viðkomandi manni, eða á viðkomandi heimili, og taka skýrslu um það af fjölskyldunni eða öðrum, sem vel þekkja til og vitnisbærir eru.

Nefndin getur krafizt aðstoðar hins opinbera í slíkum málum, og að fá þaðan allar upplýsingar, ef yfirvöldunum er að einhverju leyti kunnugt um ástandið, eða hegðun viðkomandi manns.

Vanræki sá, sem slíkt mál stendur um, að mæta fyrir nefndinni, ef hún krefst þess, getur hún leitað aðstoðar lögreglunnar.

Komi það í ljós við rannsókn, að málið sé nefndinni ofvaxið (brotamál

eða þ. u. l.), skal hún tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum og afhenda þeim það til meðferðar. **116**  
17. okt.

### 8. gr.

Nefndirnar skulu standa í sambandi og samvinnu við ráðunaut ríkisins í áfengismálum, sem fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefir yfirumsjón með störfum þeirra. Skulu þær geta snúið sér til hans til að fá bendingar og upplýsingar, er þær kynnu að þarfnast og hann getur látið þeim í té. — Einnig skulu þær gefa honum allar upplýsingar um áfengismálið, sem hann biður um og þær geta í té látið, ásamt árlegri skýrslu um störf sín. Skal þeim í því skyni séð fyrir skýrsluformi til útfyllingar. — Skýrslum skal skilað um áramót.

### 9. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum skal skylt að sjá nefndunum fyrir húsnaði til nauðsynlegra funda. Annar kostnaður, sem verða kann af störfum áfengisvarnarnefnda, og ekki lögum samkvæmt, á að greiðast af bæjar- eða hreppsfé, greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 17. október 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

um bann við umferð bifreiða.

**117**

13. nóv.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 101 19. júní 1933, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegunum. Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því, að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slikt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabili 14. nóv. 1935 til 10. júní 1936 leggja við bifreiðaumferð um eftirtalda vegi:

I. Þjóðvegi hvar sem er á landinu.

II. Sýsluvegi í þessum sýslum:

Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.